



72. Sveitarstjórnarfundur
F26-06-002

Sveitarstjórn Húnabyggðar Fundargerð

Fundur haldinn þann 25.6.2026, 16:00 – 17:37. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri:	Guðmundur Haukur Jakobsson
Ritari:	Dagný Rósa Úlfarsdóttir, starfsmaður
Fundinn sátu:	Zophonías Ari Lárusson aðalmaður Jenný Lind Gunnarsdóttir aðalmaður Kolbrún Ágústa Guðnadóttir aðalmaður Jón Gíslason aðalmaður Helgi Páll Gíslason aðalmaður Ragnhildur Haraldsdóttir aðalmaður Atli Einarsson varamaður Ágústa Rós Ingibjörnsdóttir varamaður
Starfsmenn:	Pétur Arason, sveitarstjóri

Forseti býður fundarmenn velkomna til fundar. Engar athugasemdir voru við fundarboð.

1. M26-06-334 - Fundargerð 14. fundar landbúnaðarnefndar 19. júní 2026

Fundargerð 14. fundar landbúnaðarnefndar Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 72. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Liðir 3 og 4 þarfnast sérstakrar afgreiðslu.

1. M26-06-118 - Kosning formanns og varaformanns landbúnaðarnefndar

Lögð er fram tillaga um Magnús Sigurjónsson sem formann nefndarinnar, samþykkt með 5 atkvæðum.

Lögð er fram tillaga um Friðrúnu Fannýju Guðmundsdóttur sem varaformann nefndarinnar, samþykkt með 5 atkvæðum.

2. M26-06-119 - Fundartími landbúnaðarnefndar

Lagt er til að fundartími landbúnaðarnefndar verði fyrsti mánudagur í mánuði klukkan 9:00

3. M26-06-120 - Tilnefningar í stjórnir fjallskiladeilda

Formaður lagði fram eftirfarandi tilnefningar til stjórna fjallskiladeilda.

Helgi Páll Gíslason vék af fundi.

Fjallskilastjórn Auðkúluheiðar:

Aðalmenn:

Helgi Páll Gíslason

Guðlaugur Torfi Sigurðsson

Jóhanna Stella Jóhannsdóttir

Varamenn:

Jakob Víðir Kristjánsson
Birgitta H. Halldórsdóttir
Júlíus Árni Óskarsson

Samþykkt með 4 atkvæðum.
Helgi Páll Gíslason kom aftur inn á fundinn.

Friðrún Fanný Guðmundsdóttir og Emil Jóhann Þorsteinsson viku af fundi.
Fjallskilastjórn Bólstaðarhlíðarhrepps

Aðalmenn:
Guðmundur Rúnar Halldórsson
Rúnar Aðalbjörn Pétursson
Sigþrúður Friðriksdóttir

Varamenn:
Guðný Ósk Jónasdóttir
Óskar Eyvindur Óskarsson
Þorsteinn Jóhannsson

Samþykkt með 3 atkvæðum.
Friðrún Fanný Guðmundsdóttir og Emil Jóhann Þorsteinsson komu aftur inn á fund.

Fjallskilastjórn Enghlíðinga
Aðalmenn:
Rúnar Örn Guðmundsson
Ragnar Heiðar Sigtryggsson
Halldór Skagfjörð Jónsson

Varamenn:
Þorlákur Sveinn Sigurðsson
Birna Ágústsdóttir
Magnea Jóna Pálmadóttir

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Birgir Þór Haraldsson vék af fundi.
Fjallskilastjórn Grímstungu- og Haukagilsheiða

Aðalmenn:
Hilmar Smári Birgisson
Ólafur Magnússon
Pétur Snær Sæmundsson

Varamenn:
Harpa Birgisdóttir
Puríður Hermannsdóttir
Magdalena Margrét Einarsdóttir

Samþykkt með 4 atkvæðum.
Birgir Þór Haraldsson kom aftur inn á fund.

Fjallskilastjórn Skagaheiða
Aðalmenn:
Jón Helgi Sigurgeirsson
Jóhann Ingi Ásgeirsson
Sigþór Ottó Hallgrímsson

Varamenn:
Helga Björg Ingimarsdóttir
Dagný Rósa Úlfarsdóttir
Linda Björk Ævarsdóttir

Landbúnaðarnefnd samþykkir tilnefningarnar og vísar þeim til staðfestingar í sveitarstjórn.

Helgi Páll Gíslason vék af fundi undir umræðum og afgreiðslu þessa fundarliðar.

Bókun sveitarstjórnar

Tilnefningar samþykktar með 8 atkvæðum.

Helgi Páll Gíslason kom aftur inn á fundinn.

4. M26-06-121 - Erindisbréf landbúnaðarnefndar

Lagt er fram til kynningar erindisbréf landbúnaðarnefndar Húnabyggðar fyrir kjörtímabilið 2026-2030. Í erindisbréfinu er kveðið á um hlutverk, verkefni, skipan og starfshætti nefndarinnar, auk réttinda og skyldna nefndarmanna. Erindisbréf með áorðnum breytingum vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Bókun sveitarstjórnar

Erindisbréf landbúnaðarnefndar samþykkt samhljóða.

5. M26-06-122 - Girðingamál

Staða mála

Sveitarstjóri fór yfir girðingarmál í sveitarfélaginu en Björn Þórisson mun halda utan um þau verkefni eins og í fyrra.

6. M26-06-123 - Styrkvegaframkvæmdir

Staða styrkvegamála.

Sveitarstjóri upplýsti nefndina um stöðu á styrkvegaframkvæmdum frá síðasta ári og fyrirhuguðum verkefnum þessa árs.

7. M26-06-124 - Fjallskilasamþykkt A-Hún.

Drög að nýrri fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Húnavatnssýslu.

Á síðasta kjörtímabili var unnið að breytingum á fjallskilasamþykkt A-Hún.

Sveitarstjóri greindi frá hvar vinnan stendur og mun landbúnaðarnefnd halda áfram að vinna að málinu.

8. M26-06-125 - Önnur mál landbúnaðarnefndar

Ekkert var bókað undir þessum lið.

Umræður urðu á fundinum varðandi styrkvegaframkvæmdir.

Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með níu atkvæðum samhljóða.

2. M26-06-333 - Fundargerð 62. fundar skipulags- og samgöngunefndar

Fundargerð 62. fundar skipulags- og samgöngunefndar Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 72. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Liðir 2, 3, 4, 6, 7, 8 og 9 þarfnast sérstakrar afgreiðslu.

1. Skipan nefndar og ákvörðun fundartíma kjörtímabilið 2026-2030

2606008

Samkvæmt erindisbréfi Skipulags- og samgöngunefndar skal nefndin á fyrsta fundi kjörtímabilsins kjósa sér formann og varaformann. Jafnframt þarf nefndin að ákveða reglulegan fundartíma og önnur atriði er varða fyrirkomulag nefndarstarfa á kjörtímabilinu 2026-2030.

Skipulags- og samgöngunefnd kýs Atla Einarsson sem formann nefndarinnar og Sævar Örn Björgvinsson sem varaformann kjörtímabilið 2026-2030.

Jafnframt ákveður nefndin að reglulegir fundir verði haldnir fyrsta þriðjudag í mánuði kl.15:00, nema annað sé ákveðið sérstaklega.

2. Erindisbréf 2026-2030

2606007

Lagt er fram til kynningar erindisbréf Skipulags- og samgöngunefndar Húnabyggðar fyrir kjörtímabilið 2026-2030. Í erindisbréfinu er kveðið á um hlutverk, verkefni, skipan og starfshætti nefndarinnar, auk réttinda og skyldna nefndarmanna.

Erindisbréf lagt fram til kynningar og vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Bókun sveitarstjórnar

Sveitarstjórn staðfestir erindisbréf skipulags- og samgöngunefndar samhljóða.

3. Fálkagerði, umsókn um framkvæmdarleyfi vegna vegslóða

2606002

Lögð var fram umsókn frá Ístaki hf. um framkvæmdaleyfi vegna tímabundins vegslóða sem nýta á við efnistöku í tengslum við stækkun gagnavers Borealis. Markmið framkvæmdarinnar er að draga úr umferðarálagi og raski á Svínvetningabraut, auka öryggi við flutninga og skapa betri aðstæður til að nýta stærrí vinnuvélar við framkvæmdina. Samkvæmt umsókn er áætlað að flytja um 40.000 m³ af efni á um sex vikna framkvæmdatíma.

Skipulag- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja fyrirhugað framkvæmdarleyfi.

Bókun sveitarstjórnar

Sveitarstjórn staðfestir framkvæmdaleyfið samhljóða.

4. Skúfur, merkjalýsing

2606001

Lögð var fram merkjalýsing vegna hnitsetningar jarðarinnar Skúfs (L145477) í Húnabyggð. Merkjalýsingin er unnin af Káraborg ehf. samkvæmt lögum um skráningu, merki og mat fasteigna nr. 6/2001 og reglugerð um merki fasteigna nr. 160/2024. Markmið hennar er að staðfesta afmörkun eignarinnar með hnitsettum landamerkjum og skrá þau í samræmi við gildandi kröfur. Fyrir liggja undirritanir eigenda jarðarinnar og aðliggjandi landeigenda sem staðfesta afmörkunina.

Skipulags- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða merkjalýsingu vegna hnitsetningar jarðarinnar Skúfs, landeignanúmer L145477, í Húnabyggð.

Bókun sveitarstjórnar

Sveitarstjórn staðfestir merkjalýsingu vegna hnitsetningar jarðarinnar Skúfs samhljóða.

5. Umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir lagningu ljósleiðara

2606006

Lögð var fram umsókn frá Ljósleiðaranum ehf. um framkvæmdaleyfi vegna lagningar nýs ljósleiðararörs við Blönduós. Framkvæmdin felst í lagningu ljósleiðararörs á um 3.300 metra kafla frá Þjóðvegi að Fálkagerði. Gert er ráð fyrir að rörið verði að mestu lagt með plægingu en grafið þar sem aðstæður krefjast þess. Samkvæmt umsókn er áætlað að framkvæmdin taki innan við viku og fari fram á tímabilinu júlí/ágúst 2026 í samráði við hlutaðeigandi lóðarleigjendur og verktaka.

Skipulags- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að afgreiðslu umsóknar Ljósleiðarans ehf. um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðararörs við Blönduós verði frestað þar til fundur hefur farið fram með framkvæmdaraðilum vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Að fundi loknum verði umsóknin tekin til endanlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn.

6. Rarik óskar eftir leyfi til lagningar hitaveitu - Enni Húnabyggð

2606005

Lögð var fram umsókn frá RARIK ohf. um framkvæmdaleyfi vegna lagningar hitaveitu að Enni í Húnabyggð. Fyrirhuguð lagnaleið er um einn kílómetri að lengd og liggur um land jarðanna Ennis (L145418), Skúlahorns (L218020) og Skúlahorns lóðar (L145154). Fram kemur að lögnin verði plægð með sambærilegum hætti og við strenglagnir Rariks og að sérstök áhersla verði lögð á vandaðan frágang að framkvæmd lokinni. Áætlað er að verkið fari fram í ágúst-september 2026.

Skipulags- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja umsókn Rariks ohf. um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu hitaveitu að Enni samkvæmt framlögðum gögnum.

Bókun sveitarstjórnar

Sveitarstjórn samþykkir umsókn Rarik um framkvæmdaleyfi samhljóða.

7. Blöndubakki, umsókn um stofnun lóðar

2606004

Lögð var fram skiptalýsing vegna stofnunar nýrrar lóðar úr landi Blöndubakka, landnúmer L145410. Samkvæmt framlögðum gögnum er um að ræða nýja lóð, Blöndubakka 3, að stærð 2.080 m², sem afmörkuð er samkvæmt meðfylgjandi hnitsettu mæliblaði. Jafnframt er kveðið á um umferðarrétt um núverandi heimreið og aðkomuvegi auk réttar til tengingar við neysluvatn og aðgangs að lögnum vegna reksturs og viðhalds.

Skipulags- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða skiptalýsingu vegna stofnunar lóðarinnar Blöndubakka 3 úr landi Blöndubakka, L145410.

Bókun sveitarstjórnar

Sveitarstjórn staðfestir framlagða skiptalýsingu samhljóða.

8. Míla, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna ljósleiðaralagna, Borealis -

Breiðavað

2606009

Lögð var fram umsókn frá Mílu hf. um framkvæmdaleyfi vegna nýlagningar ljósleiðara frá Breiðavaði að gagnaveri Borealis. Framkvæmdin felst í lagningu nýs ljósleiðara frá núverandi tengibrunni Mílu við Breiðavað, þar sem ljósleiðararör verður plægt niður í jörð, dregið í núverandi rör undir þjóðveg 1 og jafnframt undir Blöndu. Fram kemur að Borealis hafi óskað eftir því að ný lega ljósleiðarans verði aðskilin frá núverandi legu inn í gagnaverið til að auka rekstraröryggi. Áætlað er að framkvæmdir standi frá 1. júlí - 15. september 2026.

Skipulags- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að afgreiðslu umsóknar Mílu ehf. um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðara frá Breiðavaði að gagnaveri Borealis verði frestað þar til fundur hefur farið fram með framkvæmdaraðilum vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Að fundi loknum verði umsóknin tekin til endanlegrar afgreiðslu sveitarstjórnar.

9. Breikkun á innkeyrslu við Sunnubraut 3

2606011

Guðmundur Haukur Jakobsson vék af fundi undir umræðum um þennan lið. Ragnhildur Haraldsdóttir tók við stjórn fundarins.

Með innsendu erindi dags. 12. júní 2026 óskar Kristín Ósk Bjarnadóttir eftir leyfi til að breikka innkeyrslu við Sunnubraut 3 um allt að 10 metra samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

Skipulags- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja umsóknina að uppfylltum skilyrðum reglna um breytingar á gangstéttum við innkeyrslur á lóð frá 12. september 2023.

Bókun sveitarstjórnar

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina með 8 atkvæðum.

GHJ kom aftur inn á fundinn að loknum umræðum um lið 9.

Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með níu atkvæðum samhljóða.

3. F26-06-006 - Fundargerð 148. fundar byggðarráðs

Fundargerð 148. fundar byggðarráðs Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 72. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Liðir 2, 3, 6 og 15 þarfnast sérstakrar afgreiðslu.

1. M26-06-090 - Fjármál Húnabyggðar

Sigurður Erlingsson kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir m.a. launaþróun á fyrsta ársfjórðungi sem og stöðu fjárfestinga á fyrsta ársfjórðungi. Þá fór hann einnig yfir stöðu mála er varðar uppgjör í kjölfar slita byggðarsamlaganna, en enn er verið að ganga frá því uppgjori.

2. M26-06-091 - Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Bókun fundarins færð í trúnaðarbók.

Bókun sveitarstjórnar

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina samhljóða.

3. M26-06-092 - Erindi frá Tónlistarskólanum á Akureyri

Bókun fundarins færð í trúnaðarbók.

Bókun sveitarstjórnar

Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða.

4. M26-06-093 - Erindi frá meistaraflokksráði Kormáks Hvatar

GRL vék af fundi undir þessum lið.

Styrkbeiðni frá meistaraflokksráði Hvatar/Kormáks tekin fyrir og byggðarráð hafnar erindinu.

GRL kom aftur inn á fundi eftir þennan lið.

5. M26-06-094 - Landamerki Húnabyggðar og Skagafjarðar á Skagaheiði

Lagt fram til kynningar.

6. M26-06-097 - Beiðni um stuðning vegna Rabarbarahátíðar 2026

Lögð fyrir ósk stjórnar Rabarbarahátíðarinnar um stuðning vegna hátíðarinnar 2026. Byggðarráð ákveður að styrkja viðburðinn um 500.000kr. Að öðru leiti mun sveitarfélagið styðja við viðburðinn á svipaðan hátt og áður.

Bókun sveitarstjórnar

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun byggðarráðs.

7. M26-06-096 - Landsmót bifhjólafólks

Lögð fyrir beiðni frá stjórn landsmóts bifhjólafólks um að hafa opinn eld á landsmóti þeirra við ósa Blöndu. Byggðarráð tekur jákvætt í erindið fyrir sitt leyti með þeim fyrirvara að slökkvilið Húnabyggðar samþykki beiðnina og að farið verði að tilmælum slökkviliðsins. Samtök bifhjólafólks þurfa að sjá til þess að afla tilskilinna leyfa og verði leyfi veitt skal tryggja að gengið verði frá svæðinu á sama hátt og það er núna. Sveitarstjóra falið að fá álit slökkviliðsins.

8. M26-06-098 - Tjaldsvæði

Samningsdrög að framlengdum og tímabundnum samningi við L&E ehf. fyrir rekstur tjaldsvæða Húnabyggðar á Blönduósi út árið 2026 lagður fyrir og sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

9. M26-06-099 - Kraftamenn

Byggðarráð tekur jákvætt í beiðni Kraftamanna að Blönduós verði ein af staðsetningum Víkingsins 2026 en mótið verður haldið dagana 24-26.07 í Fjallabyggð, Húnabyggð og Snæfellsbæ.

10. M26-06-100 - Reykir

Lögð fram til kynningar drög að samningi við eigendur Reykja um kaup á lóð úr landi Reykja sem er undir hitaveitu sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður fundarins.

11. M26-06-101 - Stækkun verknámshúss Fjölbautaskóla Norðurlands vestra

Lagt fram til kynningar og sveitarstjóra falið að afla upplýsinga um kostnaðarhlutdeild Húnabyggðar í verkefninu.

12. M26-06-102 - Íþróttavika Evrópu

Lagt fram til kynningar og erindinu vísað til íþróttavika-, tómsunda- og æskulýðsnefndar.

13. M26-06-103 - Aðalfundur hjá Hveravallafélaginu ehf.

Fundarboð um aðalfund Hveravallafélagsins lagt fram til kynningar.

14. M26-06-104 - Einbúi í Vatnsdal

Málið lagt fram til kynningar og sveitarstjóra falið að ræða við lögmann um næstu skref.

15. M26-06-105 - Samningur við Fangelsismálastofnun

Lagður fram til kynningar samningur við Fangelsismálastofnun sem byggðarráð sendir til staðfestingar í sveitarstjórn.

Bókun sveitarstjórnar

Sveitarstjórn staðfestir framlagðan samning og samþykkir hann samhljóða.

16. M26-06-106 - Svæðisáætlun í landgræðslu og skógrækt

Lagt fram til kynningar og málinu vísað til skipulags- og samgöngunefndar.

17. M26-06-088 - Endurnýjun starfsleyfis fyrir móttökusvæði fyrir óvirkan úrgang

Lagt fram til kynningar og málinu vísað til umhverfisnefndar.

18. M26-06-107 - Fundargerð 140. fundar stjórnar SSNV

Lagt fram til kynningar.

19. M26-06-108 - Bakhópur Sambandsins - úrgangsmál og hringrásarhagkerfi

Lagt fram til kynningar og málinu vísað til umhverfisnefndar.

20. M26-06-109 - Fundargerð 999. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

21. M26-06-109 - Fundargerð 1000. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

22. M26-06-110 - Skýrsla um starf Flugklasans

Lagt fram til kynningar.

23. M26-06-111 - Laxá á Ásum

Lagt fram til kynningar.

24. M26-06-084 - Tillaga að nýrri samþykkt um kjör kjörinna fulltrúa Húnabyggðar

Lagt fram til kynningar og fjármálateymi falið að greina málið ítarlegar og vinna málið áfram.

JG vék af fundi eftir umræðu um þennan lið.

25. M26-06-113 - Framkvæmdir 2026

Sveitarstjóri fór yfir helstu framkvæmdaverkefni sveitarfélagsins sem eru í vinnslu og undirbúningi.

Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með níu atkvæðum samhljóða.

4. F26-06-007 - Fundargerð 149. fundar byggðarráðs

Fundargerð 149. fundar byggðarráðs Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 72. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Liður 10 þarfnast sérstakrar afgreiðslu.

1. M26-06-329 - Samningur vegna Skagabúðar

Drög að samningi við VBF Mjólnir um leigu á Skagabúð lagður fram til kynningar og sveitarstjóra falið að ganga frá samningnum.

2. M26-06-326 - Reglur um birtingu gagna með fundargerðum

Lögð fram til kynningar drög að nýjum reglum um birtingu gagna með fundargerðum Húnabyggðar. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og leggja fram tillögur fyrir byggðarráð.

3. M26-06-324 - Ársskýrsla Farskólans 2025

Lagt fram til kynningar.

4. M26-06-322 - Frestun aðalfundar Eyvindarstaðaheiðar ehf

Lagt fram til kynningar.

5. M26-06-320 - Yfirfærsla verkefna heilbrigðiseftirlits til stofnanna ríkisins

Lagt fram til kynningar.

6. M26-06-325 - Fundargerð 483. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands

Lagt fram til kynningar.

7. M26-06-327 - Áform um breytingu á gjaldskráákvæði hafnalaga

Lagt fram til kynningar.

8. M26-06-126 - Fundargerðir fagraðs BMN

Lagt fram til kynningar.

9. M26-06-350 - Aðalfundur Ámundakinnar

Formaður byggðarráðs leggur fram tillögu um að Guðmundur Haukur Jakobsson fari með atkvæði Húnabyggðar á aðalfundi Ámundakinnar 2. júlí. Tillagan samþykkt samhljóða.

10. M26-06-113 - Framkvæmdir Húnabyggðar

Bergþór Gunnarsson kom inn á fundinn undir þessum lið og fór m.a. yfir helstu framkvæmdarmál sveitarfélagsins sem eru núna í gangi og/eða í undirbúningi. Byggðaráð samþykkir að farið verði í lagfæringar á Haukagilsheiðarvegi, í brekkunni ofan Haukagils.

Bókun sveitarstjórnar

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun byggðarráðs um að vegurinn upp á Haukagilsheiði verði lagfærður með fjármunum úr Styrkvegasjóði.

Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með níu atkvæðum samhljóða.

5. M26-06-087 - Starfsmannamál

Pétur Arason vék af fundi undir þessum lið.

Forseti sveitarstjórnar bar upp tillögu um framlengingu á samningi sveitarstjóra Húnabyggðar til þriggja mánaða.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að framlengja gildandi ráðningarsamning við sveitarstjóra um þrjá mánuði, frá 1. júlí 2026 til 30. september 2026 meðan unnið er að ráðningu nýs sveitarstjóra.

Sveitarstjórn felur forseta sveitarstjórnar að undirrita viðauka við ráðningarsamninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.

6. M26-06-084 - Þóknun sveitarstjórnarfulltrúa og nefndamanna

Fyrir fundinum lá samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Húnabyggðar.

Forseti sveitarstjórnar bar upp tillögu að breytingum á samþykktum um þóknun sveitarstjórnarfulltrúa og nefndamanna Húnabyggðar. Umræður urðu um samþykktirnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu forseta sveitarstjórnar með áorðnum breytingum.

7. M26-06-349 - Sumarfrí sveitarstjórnar

Ákvörðun um sumarfrí sveitarstjórnar 2026.

Forseti sveitarstjórnar bar upp tillögu um að sveitarstjórn Húnabyggðar fari í frí frá og með 26. júní til og með 26. júlí og að byggðarráði verði á meðan falið fullnaðarákvörðunarvald fyrir hönd sveitarfélagsins samkvæmt 33. grein samþykpta Húnabyggðar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu forseta sveitarstjórnar.